

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Kjarna  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 2. febrúar 2016  
UST201601-061/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir Hofstaði í Mývatnssveit**


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir Hofstaði í Mývatnssveit.


Í ofangreindri lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er 6,4 ha og að áætluðu skipulagi er ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja á svæðinu og gera þær sýnilegri fyrir ferðamenn sem koma til Hofstaða. Einnig er markmið með deiliskipulaginu að afmarka bílastæði, stíga og útsýnis- og skiltasvæði og að afmarka byggingarreit fyrir salerni.

Í lýsingu kemur fram að stærsti hluti skipulagssvæðisins er tún og óræktað land. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt við gerð deiliskipulags að allar framkvæmdir falli vel að landi og að ekki sé um óþarfa röskun við framkvæmdir að ræða.

Umhverfisstofnun minnir á mikilvægi þess að öll fráveita verði skv. lögum og reglugerðum.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri